

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is

Reykjavík, 20. febrúar 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum.

Hinn 13. febrúar 2020 birti dómsmálaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs með síðari breytingum, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Í frumvarpsdrögunum er lagt upp með að opnað verði þá þröngu undantekningu frá þeirri reglu að einungis ÁTVR sé heimilt að selja áfengi í smásölu á Íslandi að öðrum innlendum aðilum verði gert heimilt að selja neytendum áfengi í gegnum vefverslun. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*) sem veita sameiginlega umsögn um frumvarpsdrögin.

Að mati samtakanna er sú nálgun sem kemur fram í frumvarpsdrögunum skynsamleg og í takt við bæði sanngirnissjónarmið og þær breytingar sem eru að verða og hafa orðið á verslunarháttum. Tilkoma aukinna möguleika til að hagnýta stafræna tækni hefur ekki aðeins breytt því hvernig verslunin hagar sinni starfsemi og þjónustu við neytendur heldur einnig skapað neytendum væntingar um annarskonar þjónustu en áður. Þessar breytingar hafa gerst með nokkrum hraða á erlendri grundu og hefur innlend verslun ekki látið sitt eftir liggja við að standast nútímakröfur neytenda. Í þessu samhengi má segja að þær breytingar sem eru boðaðar í frumvarpsdrögunum séu ekki einungis eðlilegar og verulega tímabærar heldur til þess bærar að stuðla að eðlilegum framgangi verslunarháttá héraðs.

Samtökin veittu sameiginlega umsögn um lagasetninguna á áformastigi en á þeim tíma var gert ráð fyrir að umfjöllunarefni frumvarpsins yrði tvíþætt og sneri öðrum þæði að því að heimila áfengisframleiðendum að selja eigin framleiðslu í neytendaumbúðum til neyslu annars staðar. Í því samhengi bentu samtökin á að slík heimild mundi auka framboð afþreyingarkosta fyrir ferðamenn og jafnframt skapa aukna tekjumöguleika fyrir íslensk fyrirtæki og þá ekki síst fyrirtæki í ferðaþjónustu. Kynningar- og skoðunarferðir um framleiðslustaði áfengis tíðkast í ríkum mæli erlendis og hagsmunir áfengisframleiðenda og ferðaþjónustufyrirtækja færu saman ef hlúð yrði að slíkum sóknarmöguleikum héraðs.

Að þessu sinni lýsa samtökin ánægju með frumvarpsdrögin og hvetja til þess að þeim verði komið í endanlegt horf með það fyrir augum að endanlegt frumvarp hljóti afgreiðslu á vörþingi. Hins vegar komast samtökin ekki hjá því að lýsa yfir vonbrigðum með að frumvarpsdrögin innihaldi ekki ákvæði sem heimila áfengisframleiðendum að selja eigin framleiðslu í neytendaumbúðum á framleiðslustað. Enn er því ekki fyllilega fast í hendi að þau tækifæri sem í slíku fyrirkomulagi felast geti raungerst. Í athugasemdum á samráðsgáttinni er þó tekið fram að vinnsla sérstaks lagafrumvarps í þá veru sé yfirstandandi. Hvetja samtökin ráðuneytið til að halda vel um þau áform og tryggja að þau komist til framkvæmda.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar
og
SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur